

1276. Stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 24. febrúar 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Arnþór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Harpa Sævarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Selma Björk Grétarsdóttir varamaður.

Fjarverandi: Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Sigurður Sigfússon.

Næsti fundur: 12. mars 2025

Einn liður var á dagskrá fundarins, fyrirkomulag á starfslokagreiðslum fyrrum formanns VR.

Fyrir fundinum lá skjalið „Biðlaunaréttur Ragnars Þórs og framkvæmd hans – minnisblað“ til kynningar og umræðu.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, setti fund. Boðað hafi verið til fundarins að beiðni fimm stjórnarmanna, í samræmi við 13. gr. laga VR skal halda fund ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn krefjast þess.

Halla fór yfir tölvupóstsamskipti í aðdraganda fundar en nokkrir stjórnarmenn sendu athugasemdir sínar í tölvupósti til allra stjórnarmanna. Halla áréttaði að fundir stjórnar fari fram á fundartíma, en ekki í gegnum tölvupóst. Í tölvupóstsamskiptum kom fram ósk um að hún og stjórnarmaðurinn Bjarni Þór Sigurðsson víki sæti en bæði eru þau í framboði til formanns í komandi kosningum. Halla sagði umræðu málsins varða hvorugt þeirra. Þá hafi einnig í tölvupóstsamskiptum komið fram ósk um að fresta fundi á meðan tiltekinna gagna væri aflað. Halla áréttaði að fyrir fundinum lægi ekki nein tillaga um ákvörðun, ef slík tillaga yrði lögð fram og stjórn teldi sig ekki hafa nægar upplýsingar, yrði fundi frestað á meðan þeirra gagna yrði aflað.

Þá kom fram í tölvupóstsamskiptum athugasemdir við að boða fund með skömmum fyrirvara, ekki væri um neyðarfund að ræða. Halla sagði fundinn ekki hafa verið neyðarfund, en að taka beri því alvarlega ef óskað er eftir fundi. Hún benti á að fundir stjórnar hafi verið haldnir með skemmri fyrirvara.

Halla brást við orðum í tölvupósti um að boðun fundarins fæli í sér árás á skrifstofu VR og að verið væri að leggja drög að því að reka framkvæmdastjórnann. Því vísaði hún alfarið á bug og benti á að hún hafi talað gegn slíkum vinnubrögðum innan verkalyðshreyfingarinnar. Að lokum svaraði Halla ósk í tölvupóstsamskiptum um upplýsingar um biðlaunarétt og starfslok formanna aðildarfélaga ASÍ og framkvæmdastjóra sambandsins sem og starfsfólks VR. Halla sagði VR ekki í þeirri stöðu að geta kallað eftir upplýsingum utan VR.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, sem situr í launanefnd VR, tók til máls sem frummælandi í umræðunni, sem einn þeirra stjórnarmanna sem óskað hafi eftir fundi. Svanhildur sagði ástæðu fundarins þá að veita stjórn upplýsingar um gang mála varðandi starfslok fyrrverandi formanns. Formaður launanefndar og Stefán Sveinbjörnsson hafi sammælst um að ganga frá greiðslu til Ragnars Þórs sem fyrst, Stefán hafi ekki talið þörf á því að upplýsa launanefnd og stjórn. Hvorki launanefnd, fyrir utan formann hennar, né stjórn hafi því fengið upplýsingar um að uppgjör biðlauna fyrrverandi formanns hafi farið fram.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir minnisblað til stjórnar um biðlaunarétt Ragnars Þórs og sagði að fyrrverandi formenn síðustu tveggja áratuga hafi notið sama réttar. Hann sagðist bera ábyrgð á því að gengið hafi verið frá uppgjöri án þess að greina stjórn frá því og baðst hann afsökunar á því.

Umræður.

Fundi slitið kl. 18:15.